

## Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

### Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd  
Sendandi: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Dagsetning: 11.05.2017  
Málsnúmer: UMH16030077  
Bréfalykill: 0012

Efni: Mat á kostnaðaráhrifum  
af lagasetningu vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum (EES-reglur, losun frá iðnaði og skráningarskylda).

Samband íslenskra sveitarfélaga óskaði eftir þann 19. apríl 2017 við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að það myndi leggja mat á kostnaðaráhrif frumvarps til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir sem liggur nú fyrir á yfirstandandi löggjafarþingi með vísan til 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Að mati ráðuneytisins var ekki talin þörf á að útbúa sérstakt kostnaðarmat á áhrifum frumvarpsins skv. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 áður en frumvarpið var lagt fram á Alþingi. Engu síður hefur ráðuneytið fallist á að gera betur grein fyrir kostnaðaráhrifum frumvarpsins að beiðni Sambandsins og hefur ráðuneytið tekið saman eftirfarandi mat á kostnaðaráhrifum framangreinds frumvarps sem hér með er komið á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd sem hefur umrætt þingmál til umfjöllunar. Í 6. kafla greinargerðar frumvarpsins er getið um kostnaðaráhrif af lagasetningunni. Þar kemur fram sú niðurstaða ráðuneytisins að umsvif heilbrigðisnefnda sveitarfélaga muni minnka hvað útgáfu starfsleyfa varðar eftir samþykkt frumvarpsins en að nefndirnar séu þá betur í stakk búnar til að sinna eftirlitshlutverki sínu svo og að hagræða í rekstri þannig að samþykkt frumvarpsins hafi ekki áhrif til kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin.

Í framangreindri beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga um samantekt á kostnaðaráhrifum umrædds frumvarps kemur fram að Sambandið telur að heilbrigðisnefndir verði fyrir tekjutapi vegna samþykktar frumvarpsins, sem nemi samtals nærri 40 milljónum króna (brúttó) fyrir 10 heilbrigðiseftirlitssvæði. Eftir viðræður við Sambandið þar sem það lagði fram upplýsingar um tekjutap/minni umsvif heilbrigðiseftirlita óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá heilbrigðiseftirlitum um nettó áhrif frumvarpsins á rekstur þeirra þar sem hér er um þjónustugjöld að ræða. Upplýsingar sem ráðuneytið óskaði eftir voru sem hér segir:

*„Ráðuneytið óskar eftir upplýsingum frá Heilbrigðiseftirlitum varðandi áhrif af væntanlegri lagasetningu skv. fyrirbyggjandi frv. til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Upplýsingarnar snúa að nettóáhrifum lagasetningarinnar á starfsemi Heilbrigðiseftirlita m.a. hvernig minnkandi umsvif koma til með að lækka kostnað, hvort ná megi fram hagræðingu í rekstri með minnkandi verkefnum, hvernig auka megi tekjur af öðrum eftirlitsverkefnum og hvernig eftirlitin hyggjast bregðast við breyttum aðstæðum.“*

Svör bárust einungis frá fjórum heilbrigðiseftirlitum, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogs (HH&K), Heilbrigðiseftirliti Suðurlands (HES), Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HR) svo og Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HA) auk örstuttrar athugasemdar frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis (HK). Í svörum HH&K, HES og HA er líkt og áður lögð áhersla á tekjutap eða minni umsvif eftirlitanna vegna samþykktar frumvarpsins en ekki er gerð grein fyrir útgjöldum sem falla niður samhliða. Ráðuneytið telur að gera verði ráð fyrir að útgjöld sem sparist séu jafnhá tekjum sem tapast þar sem um þjónustugjöld er að ræða en þau eiga að miðast við raunkostnað. Í svörum heilbrigðiseftirlitanna kemur einnig fram að tímagjald þeirra er ekki hið sama milli umdæma. Fram kemur í umsögnum HR og HH&K að hækkuð eftirlitsgjöld og tímagjald muni geta brúað það bil sem myndast við minni umsvif vegna útgáfu starfsleyfa. Í umsögn HH&K kemur einnig fram að hægt sé að ná fram hagræðingu með auknum verkefnum. Í umsögn HA kemur fram að nauðsyn beri til að hækka gjaldskrá til að ná fyrir

umsvifum/tekjum. Í umsögn HR kemur fram að tekjutap/minna umfang nemi 20 m.kr. á ári eða 6% af heildarrekstrarkostnaði í kjölfar samþykktar frumvarpsins. Athugasemd HK lýtur að sama þætti og er áætlað að minnkun umfangs nemi um 4,7%. Svipaða athugasemd er að finna í umsögn HES þar sem innheimta vegna starfsleyfa hefur hækkað undanfarin ár. HES bendir á að hægt sé að bæta tekjutap/minni umsvif með hækkingu tímagjalds.

Ráðuneytið telur að við samþykkt umrædds frumvarps muni heilbrigðiseftirlitin fá tækifæri til að nýta krafta sína til frekara eftirlits en nú er. Verði frumvarpið að lögum mun áfram vera gert ráð fyrir að heilbrigðiseftirlitið taki út nýja rekstraraðila þegar þeir hafa skráð sína starfsemi og geta heilbrigðiseftirlitin innheimt eftirlitsgjald fyrir þá þjónustu sína. Eftirlitin geta jafnframt þurft að aðlaga starfsemi að minna umfangi útgáfu starfsleyfa. Þau gögn sem lögð hafa verið fram af hálfu heilbrigðiseftirlitana benda að mati ráðuneytisins ekki til þess að um nettó fjárhagsáhrif verði að ræða fyrir heilbrigðiseftirlitssvæðin, verði frumvarpið óbreytt að lögum. Niðurstaða ráðuneytisins er því óbreytt; að samþykkt frumvarpsins hafi ekki fjárhagsleg áhrif á rekstur eftirlitanna.

Kostnaðarumsögn þessi hefur verið borin undir Samband íslenskra sveitarfélaga. Sambandið gerir þann almenna fyrirvara við niðurstöðu ráðuneytisins að skýringar við frumvarpið gætu verið ítarlegri og því fremur óljóst að mati Sambandsins hvernig stjórnsýsluframkvæmd verði háttáð ef frumvarpið verður að lögum. Við nánari skoðun frumvarpsins og eftir samtöl við sérfræðinga ráðuneytisins liggi þó skýrar fyrir en áður að heilbrigðiseftirlitssvæðin muni áfram hafa eftirlits- og leiðbeiningarhlutverki að gegna gagnvart nýskráðum rekstraraðilum, þannig að lagabreytingin muni hafa fremur óveruleg áhrif á stjórnsýslu þeirra. Þau muni því líklega geta mætt tekjutapi sínu vegna útgáfu starfsleyfa með því að innheimta gjald fyrir eftirlitsheimsóknir og veitingu leiðbeininga til nýrra rekstraraðila.